

**Fundargerð 24. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 4. mars 2016, kl. 9:00 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Ásbrú í Reykjanesbæ.**

Mætt eru: Róbert Ragnarsson, Berglind Kristinsdóttir, Gísli Heiðarsson, Johan D Jónsson, Magnea Guðmundsdóttir, Kristín Vala Matthíasdóttir, Sigrún Árnadóttir, Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri) og Puriður H. Aradóttir Braun (Markaðsstofa Reykjanes).

**1. Eldvörp**

Á fundinn mæti Ásbjörn Blöndal framkvæmdastjóri þróunarsviðs HS Orku og kynnti tilraunaboranir við Eldvörp.

**2. Umsóknir um lóð fyrir þjónustumiðstöð við Reykjanesvita**

Auglýst var eftir áhugasömum aðilum til að reisa og reka þjónustumiðstöð við Reykjanesvita í kjölfar síðasta fundar stjórnar Reykjanes Geopark. Alls bárust fjórar umsóknir um lóðina. Formanni, verkefnastjóra og sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs Reykjanesbæjar falið að ræða við umsækjendur fyrir næsta fund stjórnar.

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs Reykjanesbæjar sat fundinn undir þessum lið.

**3. Erindi frá stjórn Ferðamálasamtaka Reykjanes**

Stjórn Ferðamálasamtaka Reykjanes hefur ákveðið að greiða ekki árgjald fyrir árið 2016 og segja sig frá stjórnarsetu í Reykjanes jarðvangi. Samtökin eru eftir sem áður tilbúin að leggja til ráðgjöf og aðstoða við þá vinnu sem fram fer við val og undirbúning á verkefnum í Reykjanes Geopark. Stjórnin þakkar Ferðamálasamtökum Reykjanes fyrir þeirra framlag til Reykjanes Geopark og Laufey Kristjánsdóttur fyrir gott starf í þágu félagsins.

Samþykkt að boða til auka aðalfundar í apríl.

**4. Geopark vika 6.-12. júní 2016**

Verkefnastjóri sagði frá fyrstu hugmyndum að dagskrá Geopark viku 6.-12. júní nk.

**5. Verðlaun ferðapjónustunnar á Reykjanesi 2016**

Stjórn samþykkir að veita Ferskum vindum Hvatningarverðlauna ferðapjónustunnar á Reykjanesi og Reyni Sveinssyni Þakkarverðlaun ferðapjónustunnar á Reykjanesi. Atkvæðagreiðsla hafði áður farið fram í tölvupóstsamskiptum milli stjórnarmanna.

**6. Aðstaða til köfunar í gjám vestan Grindavíkur**

Verkefnastjóri sagði frá hugmyndum um að bæta aðstöðu til köfunar í gjám vestan við Grindavík. Stjórnin tekur jákvætt í erindið og felur verkefnastjóra að vinna málið áfram.

## 7. Sjálfvirk gjaldtaka á ferðamannstöðum

Stjórn Reykjanes jarðvangs hefur undanfarna mánuði rætt mögulega gjaldtöku á ferðamannstöðum innan jarðvangsins. Stjórnin beinir því til stjórnar SSS að kanna möguleikann á gjaldtöku á bílastæðum við vinsæla ferðamannastaði.

## 8. Styrkur til erlends samstarfs á árinu 2016

Reykjanes Geopark hefur fengið styrk að upphæð 300.000 kr. frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til erlends samstarfs á árinu 2016.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:50.

Fundargerð ritaði: ESJ